

# SÝNING Í TILEFNI ÁRS ALDRAÐRA
17. júlí til 8. ágúst 1982




# Samvinnubankinn er ávallt skammt undan

Samvinnubankinn starfrækir útibú í öllum landsfjórðungum.

Husavik
Kopasker
Sauðárkrókur
Svalbarðseyri

Egilsstaðir
Stöðvarfjörður
Vopnafjörður



Akranes
Grundarfjörður
Króksfjarðarnes
Patreksfjörður

Hafnarfjörður
Keflavik
Reykjavik
Selfoss
Vik

Leitið ekki langt yfir skammt, leitið til Samvinnubankans.

**Samvinnubankinn**

# „Unglingar" 67 ára og eldri fá líka sinn afslátt

50% afsláttur af öllum
fargjöldum í innanlandsflugi
á miðvikudögum og
laugardögum. Leitið upplýsinga
hjá næsta umboðsmanni.

**FLUGLEIÐIR**
*Traust fólk hjá góðu félagi*



Sýningin er haldin að tilhlutan þingkjörinnar vegna árs aldraðra og Öldrunarráðs Íslands.

*Framkvæmdanefnd:*
Eggert Ásgeirsson form.
Áslaug Sverrisdóttir
Finnur Fróðason
Friðrik G. Friðriksson
Sverrir Kristinsson

*Skipulag sýningarinnar:*
Finnur Fróðason

*Sýningarskrá:*
Þórunn Hafstein

**Húseigenda-trygging**

SAMEINAR Í EITT SKÍRTEINI SJÖ
ÓLÍKAR VÁTRYGGINGAR

1 VATNSTJÓNSTRYGGING
2 GLERTRYGGING
3 HÚSALEIGUTRYGGING
4 FOKTRYGGING
5 ÁBYRGÐARTRYGGING
6 SÓTFALLSTRYGGING
7 INNBROTSTRYGGING

VÁTRYGGINGARUPPHÆÐIN ER ÁVALLT BRUNABÓTAMAT
HÚSEIGNARINNAR
90% IÐGJALDS ER FRÁDRÁTTARBÆRT TIL SKATTS




60 ára
SJÓVÁ
Suðurlandsbraut 4 sími 82 500



# Ávarp

Tuttugasta öldin er öld gamla fólksins. Aldrei áður í sögu heimsins hafa jafn margir náð eins háum aldri og nú. Sem dæmi um þessa þróun hér á landi má nefna að á árunum 1850-1860 voru meðalævilíkur kvenna 37,9 ár og karla 31,9 ár. Nú eru meðalævilíkur kvenna 79,7 ár og karla 73,7 ár. En þessi þróun er ekkert einsdæmi. Alls staðar í heiminum fer öldruðum fjölgandi. Í þróunarlöndunum er þessi staðreynd þó mest áberandi og á sama tíma gerast þar örar þjóðfélagsbreytingar sem í mörgum tilvikum grafa undan hefðbundnum hlutverkum aldraðra.

Með þessar staðreyndir í huga var flutt tillaga og samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um að á árinu 1982 skyldi haldin heimsráðstefna um öldrun. Átti Ísland aðild að þeim tillöguflutningi. Ráðstefna þessi mun hefjast þann 26.júlí n.k. og er tilgangur hennar sá að hleypt verði af stokkunum alheimsátaki í málefnum aldraðra með það fyrir augum að tryggja félagslegt of efnahagslega velferð þeirra og stuðla að aukinni þátttöku aldraðra í þjóðfélaginu.

Elliárin eru viðkvæmur aldur. Öldrun fylgir fyrr eða síðar hrörnun sem ryður sjúkdómum braut, þó ellin sjálf sem slík valdi ekki sjúkdómum. En menn eldast mjög misjafnlega. Margir, sem náð hafa gamals aldri eru líkamlega og andlega hraustir og aldraðir hafa margsinnis sýnt fram á að þeir geta skilað góðu dagsverki og þar með þjóðfélaginu talsverðum arði. Aldraðir hafa í mörgum tilvikum unnið afreksverk, t.d. á sviði lista og vísinda.

Sú sýning sem nú er hér á Kjarvalsstöðum er glöggt dæmi um hverju aldraðir fá áorkað eftir að hefðbundnu ævistarfi lýkur.

*Páll Sigurðsson,*
*ráðuneytisstjóri.*

# Handmenntasýning

Þegar undirbúningur og vinna hófst að handmenntasýningu í tilefni öldrunarársins 1982, varð í upphafi ljóst að velja þurfti til sýningar úr mörgum ágætum munum. Ýmsir möguleikar komu einnig til greina við uppsetningu og fyrirkomulag sýningargripa. Þegar um slíkan vanda er að ræða er ekki augljós farsælasta leiðin til úrlausnar. Það varð úr, að leitað var aðallega til hagleiksfólks úti á landi eftir góðum gripum en jafnframt var reynt að hafa það í huga að sýningin gæfi svolítið yfirlit yfir hluti gerða úr ólíkum efnum.

Þeir sem hér koma við sögu vinna úr járni, tré, leðri, steini, ull, jurtum o.fl. Hugmyndinni um notagildi hlutanna, form og fegurð, kemur síðan hver og einn til skila eftir sínu höfði, eins og aðstæður leyfa.

Á þessari sýningu er gerð tilraun til að gæða sýningarmunina lífi með því að sýna á myndbandi það hagleiks- og snilldarfólk sem að verkunum stendur. Fleiri koma einnig fram í myndinni. Þetta fólk er allt orðið roskið en í fullu fjöri eins og sjá má.

Myndbandatæknin býður upp á ýmsa möguleika en hefur einnig sínar takmarkanir. Þau tæki sem hér eru notuð gefa ekki möguleika á klippingu. Sýningargestir eru því beðnir um að sýna umburðarlyndi gagnvart tæknigöllum og hafa það í huga að hér eru leikmenn að verki. Hér er ekki um að ræða tæmandi heimildarmynd, heldur aðeins sýnishorn af vinnu einstaklinga sem vinna úr mismunandi efnum og tjá sig með ólíkum hætti.

Tilgangur þessarar sýningar er fyrst og fremst sá að vekja fólk á öllum aldri til umhugsunar um skapandi kraft hvers einstaklings. En sá kraftur er óháður aldri.

*Friðrik G. Friðriksson.*

# Íslensk alþýðulist

Skömmu eftir að sýningu á verkum skólagenginna listamanna lauk þar sem við nú stöndum var hafist handa um að safna hingað verkum svonefndra alþýðulistamanna. Einu sinni var sagt að allar leiðir lægju til Rómar; sama mætti segja um listina. Vegur þeirra sem hér sýna hefur einkum legið til listarinnar um skóla lífsins. Í bókinni „Um ellina“eftir Cicero segir: „Vorið er tákn æskunnar og lofar uppskeru síðar meir. Hinar árstíðirnar eru ætlaðar til að skera upp og njóta ávaxtanna. Ávöxtur ellinnar er, svo sem ég hef hvað eftir annað tekið fram, endurminning um gnægð þeirra gagna sem fyrrum var aflað.“

Á síðari hluta æviskeiðsins eykst oft þörfin á því að tjá sig og gefa öðrum kost á því að kynnast endurminningunni eða hugðarefnunum. Margir grípa þá penna í hönd og skrá ævisögu sína eða yrkja ljóð. Þeir sem hér eiga verk hafa fremur valið ullarband og vefstól eða pensil, liti og léreft til þessarar iðju. List þeirra er svokölluð alþýðulist og með henni hafa þeir gefið okkur kost á því að njóta með sér hluta þess „ávaxtar“ sem áður er til vitnað. Sumir úr þessum hópi tilheyra þeim sem eru nefndir naivistar. Einlægni er eitt megineinkennið á verkum þeirra. Í þessum fáu línum verður ekki lagt neins konar listrænt mat á gildi sýningarinnar. Slíkt er sýningargesta. Hins vegar verður ekki staðist að varpa fram þeirri spurningu hvort þau verk sem unnin eru af einlægni séu ekki sönn list. Í sýningarskrá frá 1962 ritar Björn Th. Björnsson listfræðingur eftirfarandi um alþýðulist: „Margar fremstu listmenningarþjóðir heims hafa eignazt frábæra alþýðumálara, svonefnda naivista. Með hispurslausu sjálfræði sýna þeir okkur gjarnan hlutina á hinn óvæntasta hátt, rata ævintýralega stigu þar sem aðrir sáu ekki nema venjugróna slóð. Þann skilning getur enginn lagt sér til. Hann verður að spretta innra með manni sem ósnortinn er af allri venju, manni sem hefur til brunns að bera ósvikna listræna gáfu.“

Sumir þeirra erfiðismanna sem fyrst hafa gripið penna í hönd og ritað minningar sínar að brauðstriti afloknu hafa skapað verk sem teljast fullgild á akri íslenskra bókmennta. Höfum við ef til vill eignast einhver slík verk í heimi íslenskrar myndlistar, unnin með pensli, litum og lérefti eða ullarbandi og vefstól? Af framanskráðu má það ljóst vera að vel er við hæfi að efna til sýningar á íslenskri alþýðulist á ári aldraðra. Megi það enn sannast að „oft er gott það er gamlir kveða“.

Á sýningunni verða sýnd verk tveggja íslenskra myndhöggvara, Ásmundar Sveinssonar og Sigurjóns Ólafssonar.

*Sverrir Kristinsson.*

# Líf og Land

***Síðdegisvaka***
Landssamtökin Líf og land efna til síðdegisvöku kl. 14-17 laugardaginn 24 júlí að Kjarvalsstöðum.

Flutt verða erindi ásamt tónlist í tilefni af ári aldraðra.

Undirbúningsnefnd:
Björg Einarsdóttir formaður
Séra Gunnar Kristjánsson
Hulda Ólafsdóttir
Ragnhildur Hjaltadóttir
Sigríður Ingvarsdóttir

Formaður Lífs og lands er Kristinn Ragnarsson.

# Málþing.

Meðan á sýningunni stendur verður efnt til umræðufunda um ýmis mál, er snerta elli og samfélag.

Um þennn þátt sér Samband lífeyrisþega ríkis og bæja (SLRB). Að þessum þætti hefur framkvæmdastjórn sambandsins unnið og skipa hana:

Guðjón B. Baldvinsson
Ólafur S. Ólafsson
Magnús Eggertsson
og er hann formaður vinnuhópsins.

# Þakkir fyrir holl ráð og annan veittan stuðning

Anna Lára Friðriksdóttir
Björn Th. Björnsson
Dögg Pálsdóttir
Einar Þorstein Ásgeirsson
Friede Pálsdóttir Briem
Gerður Hjörleifsdóttir
Gísli Arason
Halla Aðalsteinsdóttir
Haukur Halldórsson
Hildur Hákonardóttir
Hjálmar Guðmundsson
Hrafnhildur Schram
Jóhanna Steingrímsdóttir
Kassagerð Reykjavíkur
Knútur Bruun
Magnús Eggertsson
Magnús E. Guðjónsson
Málfríður Halldórsdóttir
Sigríður Hafstað
Sigríður Halldórsdóttir
Sigurbjörn Á. Friðriksson
Sverrir Sigurðsson
Valgerður Briem
Þorsteinn Jónsson
Þór Magnússon

Auk þess hafa fjölmargir veitt fyrirgreiðslu, aðstoðað við flutning á munum til sýningarinnar og annað sem of langt mál yrði upp að telja.

## Sýningarfréttir

Á sýningunni verða ýmis dagskráratriði, videosýningar, fyrirlestrar o.fl. Gefnar verða út sýningarfréttir eftir því sem ljóst verður hvað í boði er. Má fá þær hjá gæslufólki sýningarinnar alla daga á opnunartíma kl. 14-22.

## Öldrunarráð Íslands

Öldrunarráð Íslands var stofnað á síðastliðnu ári og er það samband félaga, og stofnana sem hafa hagsmunamál og velferð aldraðra á stefnuskrá sinni. Formaður er séra Sigurður H. Guðmundsson.

## Þingkjörin nefnd vegna árs aldraðra

Bragi Guðmundsson
Guðjón Stefánsson
Margrét Einarsdóttir
Séra Sigurður H. Guðmundsson
Snorri Jónsson
Steinunn Finnbogadóttir
Sturla Böðvarsson
Ritari nefndarinnar er Dögg Pálsdóttir

# Eftirfarandi aðilar hafa veitt sýningunni fjárhagslegan stuðning eða aðra verðmæta fyrirgreiðslu:

Handmenntaskóli Íslands
Heimilisiðnaðarskólinn
Hljómbær h.f.
Stjórn og starfslið Kjarvalsstaða
Rauði kross Íslands
Verslunin Íslenskur heimilisiðnaður





**Reglubundin viðskipti -bókað lán!**

*Nú getur þú sem launþegi slegið tvær flugur í einu höggi með því að láta greiða laun þín reglulega inn á reikning í Verzlunarbankanum eða gert það sjálfur. Með því móti áttu sjálfkrafa kost á hinu nýja láni Verzlunarbankans - Launaláninu.*

*Hagræðið er ótvírætt. Að uppfylltum einföldum og sjálfsögðum skilmálum getur þú gengið að öruggu skammtímaláni þegar þér hentar - engin bið eftir bankastjóra og engin óvissa um afgreiðslu.*

*Hafðu samband, hringdu eða komdu og fáðu nánari upplýsingar.*

VERZLUNARBANKINN
ADALBANKI OG ÚTIBÚ

Safnlán · Ráðgjöf
Launalán
Allt í einum banka!

# Græddur er geymdur eyrir

Með verðtryggingu sparifjár hefur þetta gamla orðtak fengið fullt gildi á ný.

Nú býður Landsbankinn þér að ávaxta sparifé á 6 mánaða reikningum, verðtryggðum og með 1% ársvöxtum að auki.

Þannig tryggir æskan sér framtíð og aldraðir öryggi.

Sparifé, sem verðbólgan vinnur ekki á.

Leggið inn í Landsbankann og tryggið spariféð gegn verðbólgunni.





**LANDSBANKINN**

*Banki allra landsmanna*

argus

# SHARP®

# VIDEO VHS

## HIÐ VINSÆLA

## VC-8300

1) Örtölvustýrt að öllu leyti.
2) Rafstýrðir snertirofar.
3) Hraðspólun á mynd í báðar áttir á 10 földum hraða.
4) Kasetta hlaðin að framan, sem varnar ryki inngöngu í verkið og sparar fyrirferð.
5) Sjálfvirk spólun til baka/Stopp.
6) Kyrrmynd.
7) Fáanlegt í silfur- og brúnni áferð.

**HLJÓMBÆR**

HLJÓM•HEIMILIS•SKRIFSTOFUTÆKI

HVERFISGÖTU 103



Sími 25999 17244

# HANDMENNTASKÓLI ÍSLANDS – NEMBLA –



Veltusundi 3
101 Reykjavík

**SÍMI 27644**



**4** Teikning og föndur fyrir börn á aldrinum 9-12 ára. Innifalið er allt sem til námsins þarf, eins og í námskeiði 3 utan brúðuleikhúsið. Námsgjöld 875.- kr.

**BARNANÁMSKEIÐ TF**



**8** Fyrir alla aldursflokka. Þar fylgja með 8 skutlur óbrotnar og allar leiðbeiningar, til þess að brjóta þær rétt og fljúga þeim. Einnig skýringar um viðhald og leiki. Námsgjöld 100.- kr.

**SKUTLUNÁMSKEIÐ**



**1** 1. önn, frá 12 ára aldri. Línuteikning, skissun, ljós og skuggi, uppstilling, hlutateikning. Þetta námskeið hentar byrjendum. Innifalið er allt sem þarf til námsins. Námsgjöld 1720.- kr.

**TEIKNUN OG MÁLUN**



**5** Teikning og brúðuleikhús fyrir börn á aldrinum 7-12 ára. Innifalið er allt sem til námsins þarf, eins og teikniblokk, litir, blýantur, lím og allt efni í brúðuleikhús. Námsgjöld 875.- kr.

**BARNANÁMSKEIÐ TL**



**9** Fyrir nemendur frá 15 ára aldri. Innifalið allt sem til námsins þarf, eins og 12 pennar, blek, horn, blýantar og strokleður auk pappírs. Kennd er grunnskrift og ítölsk skrift. Námsgjöld 880.- kr.

**SKRAUTSKRIFT**



**2** 2. önn, frá 12 ára aldri. Fjarvídd og teikning mannslíkamans. Þetta námskeið er framhald fyrstu annar og er þá hugsað fyrir þá nemendur, sem hafa lokið fyrstu önn. Námsgjöld 1560.- kr.

**TEIKNUN OG MÁLUN**



**6** Teiknun fyrir börn á aldrinum 7-12 ára. Innifalið er allt sem til námsins þarf, eins og teikniblokk og blýantur, vatnslitir o.fl. Námsgjöld 530.- kr.

**BARNANÁMSKEIÐ T**



**10** Námskeið sérstaklega ætlað nemendum sem hafa atvinnu af pappírsvinnu. Innifalið allt sem til námsins þarf eins og pappír, blýantar, pekpúlitir og 12 verkefni. Námsgjöld 880.- kr.

**LAYOUT-LETUR-SKILTI**



**3** Teikning, föndur og brúðuleikhús fyrir börn á aldrinum 7-12 ára. Innifalið er allt sem til námsins þarf, eins og t.d. teikniblokk, litir, bók með föndurformum, skutlur o.fl. Námsgjöld 1215.- kr.

**BARNANÁMSKEIÐ TFL**



**7** Fyrir börn 5 til 8 ára. Það inniheldur teiknun og föndur. Innifalið er allt sem til námsins þarf, eins og teikniblokk og blýantur og 18 verkefni auk fjögurra léttra föndurverkefna. Námsgjöld 450.- kr.

**BARNANÁMSKEIÐ VI B**



**11** Ásamt efnisútvegun, fyrir alla aldursflokka. Innifalið er 108 munstur og algildar kennsluaðferðir, auk efnis í eins fermeters veggteppi, sem farið verður yfir. Námsgjöld 1260.- kr.

**BÓTASAUMUR**

**NÁMSKEIÐ HANDMENNTASKÓLA ÍSLANDS**

eru heimanám. Skólinn sendir nemendum sínum verkefni og hver lausn er leiðrétt og endursend með næsta verkefni. Skólinn gefur út kynningar- og nemendablaðið NEMBLU og sendir eitt eintak til áhugafólks þeim að kostnaðarlausu.

Þér gefst kostur á að gerast nemandi í HMÍ með því að senda okkur pöntunarseðilinn hér að neðan útfylltan. Greiðsla fer fram í póstkröfu.

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

VETRARSTARFIÐ HEFST 1. SEPTEMBER

Ég óska eftir að gerast nemandi í HMÍ og fá sent í póstkröfu námskeið **NR** ___

**NAFN:** ___

**HEIMILISF:** ___



# Tökum þátt í sameiginlegu átaki

**Veitum öldruðum verðskuldaðan stuðning - Verum með í happdrætti DAS**

---

## Miði er möguleiki

das

---

# SÉRIÐGJÖLD FYRIR ALDRAÐA!

Við bjóðum öldruðum (67 ára og eldri) hagstæðar heimilistryggingar – ALTRYGGINGU eða ALMENNA HEIMILISTRYGGINGU með lægri iðgjöldum!

**Dæmi: Trygging miðuð við 250.000 kr. innbúseign:**

| | Alm. iðgjald | Aldraðra |
|---|---|---|
| Altrygging | 1.374.00 | 1.052.00 |
| Almenn heimilistrygging | 627.00 | 504.00 |

Söluskattur og viðlagatryggingargjald er innifalið.

**ÁBYRGÐ HF**

Tryggingafélag bindindismanna

Lágmúla 5 – Sími 8-35-33 – 105 Reykjavík

# Afi veit meira en margan grunar um vörurnar frá Shell!



Afi er einn þeirra, sem una sér öllum stundum niður við höfn innan um net og önnur veiðarfæri. Þar tekur hann lífinu með heimspekilegri ró og dyttar að ýmsu, sem þarfnast lagfæringar. En afi kann skil á fleiru en veðri, netum og neftóbaki. Hann hefur hugleitt margt og gerir sér fulla grein fyrir því að ótalmargir hlutir í daglegu lífi hans við höfnina kunna að vera búnir til úr efnum frá Shell.

Það er ekki aðeins olían á skipsvélarnar og smurningin heldur líka net, kaðlar, hringir, fiskkassar, balar, tunnur, stígvél, sjóstakkar og bátar svo við nefnum örfá dæmi. Ekki má þó gleyma því, sem afi handleikur oftast, – neftóbaksdósinni. Skyldi hún líka vera búin til úr hráefni frá Shell?

**Olíufélagið Skeljungur hf., er umboðsaðilinn, sem útvegar allar Shellvörurnar.**

**Olíufélagið Skeljungur h.f.**

*Talsvert meira en bara bensín*

NÝ ÞJÓNUSTA
Ráðgjafinn í Útvegsbankanum



# Öll ráð á hendi?

## Eða gætu nokkur holl ráð á fjárhagssviðinu bætt um betur?

Þjónusta ráðgjafans í Útvegsbankanum stendur öllum viðskiptamönnum hans til boða, og hún veitist þeim ókeypis.

## Ráðgjafinn í Útvegsbankanum

Nánari upplýsingar á öllum afgreiðslustöðum bankans.

**ÚTVEGSBANKINN**

Einmitt bankinn fyrir þig.

SÝNING Í TILEFNI
ÁRS ALDRAÐRA

17.7.-8.8. 1982



SÝNINGARFRÉTTIR
3. tbl.
30.7. 82

GÓÐIR SÝNINGARGESTIR.

Ekki þarf að kvarta yfir viðtökum sýningargesta á því efni sem borið hefur verið fram á málþingum á Kjarvalsstöðum meðan sýningin hefur staðið yfir. Efni það sem verið hefur til umræðu hefur verið hvað öðru merkilegra enda framsöguræður góðar.

<u>JÓN SNÆDAL: Hvað er nauðsynlegt að gera til að halda líkamlegum og andlegum kröftum?</u> Í erindi sínu kom Jón víða við. Hann ræddi mataræði, mikilvægi hóprannsókna, sérstaklega að því er öldruðum við kom. Mikla athygli vakti sú áhersla sem hann lagði á tengsl aldraðra við umhverfið, enda spunnust um það miklar umræður á fundinum. Þá var mikið rætt um þá umræðu sem snýst um þá veiku og þurfandi sem gerði úrlausn öldrunarmála óárennilega enda þótt hinir væru fleiri sem spjörðuðu sig vel.

<u>VALBORG BENTSDÓTTIR: Hvenær er eðlilegt að menn láti af störfum?</u> Í erindi sínu ræddi Valborg um starfslok og nauðsyn þess að menn sættust við þá tilhugsun að láta af störfum, undirbyggju sig eftir því sem föng væru. Hinsvegar væru það erfið umskipti hjá mörgum að hætta allt í einu og benti Valborg á að betra væri að draga saman seglin á lengri tíma en nú væri gert til að auðvelda umskiptin. Í umræðum var bent á nauðsyn þess að rýma fyrir yngra fólki. Ekki voru allir sammála og komu sjónarmið um að vinnan væri lífsfylling fyrir suma. Þá var kvartað yfir því að mikið væri ráðskast með aldraða. Þá kom og fram að erfitt væri að fá fólk til að hafa frumkvæði í eigin málum eða síns aldursflokks þegar það væri komið á efri ár.

ÓLAFUR ÓLAFSSON: Hvers vegna hefur ævin lengst svo mjög á Íslandi? Í efnismiklum fyrirlestri skýrði landlæknir frá skyndilegri lengingu mannsævinnar á 8. áratuginum. Hann sýndi fram á að langstærsta orsökin er vegna minnkaðs dauðahlutfalls aldraðra. Með samanburði við aðrar þjóðir sýndi hann fram á með sterkum líkum að þetta mætti rekja til bættra lífskjara aldraðra vegna hækkaðs lífeyris á tímabilinu. Væri hér um svipaða tilhneigingu að ræða og annars staðar hefði orðið vart. Oft væri það svo að lífskjör vegju þungt í samanburði við læknisþjónustu.

STEINDÓR STEINDÓRSSON: Kynslóðabilið. Fyrirlesari lýsti þeirri breytingu sem orðin er á samfélaginu og leitt hefði til kynslóðabilsins. Bilið er hafið, og það stækkar óðfluga. Eldri kynslóðin reynir alltof lítið til að skilja framvinduna og fylgja henni eftir. Hún fyllist sársauka yfir hversu allt hleypst á brott frá henni eða hneykslast. Unga kynslóðin þekkir ekki fortíðina lítur á eldri kynslóðina eins og hálfgerð nátttröll, góðviljað að vísu en alltof sljótt og svifaseint. Kannski sér æskan ýmis mistök og spillingu í þjóðfélaginu skýrar en við. Hún er ekki samdauna. Tómarúm er oft kringum unga fólkið. Það reynir að fylla það með einhverju verra en tóminu sjálfu. Steindór lauk máli sínu með því að koma með tillögur til úrbóta.

SÍÐASTA VIKA SÝNINGARINNAR

Nú fer senn að hefjast síðasta vika sýningarinnar. Er vonandi að aðsókn verði þá jafn góð og fyrri tvær vikurnar. Fólk hefur komið mörgum sinnum til að hlusta á og skoða myndsegulböndin. Þau eru nýjung sem áreiðanlega eiga eftir að verða fastur liður í sýningum og fleiri opinberum viðburðum og fræðsluefni.

MÁLÞING. Fimmtudaginn 5. ágúst kl. 20.30 verður efnt til umræðu um spurninguna:
ERUM VIÐ Á RÉTTRI LEIÐ? Eggert Ásgeirsson verður málshefjandi. Er þess að vænta að menn komi og láti í ljós skoðanir sínar á efninu.

Sýningunni lýkur svo með MÁLÞINGI, sunnudag 8. ágúst kl. 20.30. Sjá dagskrá á næstu síðu.

M Y N D B A N D A S Ý N I N G

Samfelldur sýningartími er 3 klst. Minútufjöldi sýnir lengd hvers þáttar.

Sýningartími er tvisvar á dag alla daga nema þegar málþing er, þá er sýningartíminn einn. Sýningartími er

PRJÓN - KJÓLAR — 6 mín.
Katrín Árnadóttir, Hlíð, Gnúpverjahreppi, Árn.

TRÉ - MÁLMSMÍÐI — 19 mín.
Eymundur Björnsson, Hjarðarnesi, Nesjahr. A-Skaft.

TRÉ - MÁLMSMÍÐI — 12 mín.
Sigurður Filippusson, Hólabrekku, Mýr A-Skaft.

BÁTASMÍÐI — 12 mín
Guðfinnur Jakobsson frá Reykjarfirði, Ströndum. Búsettur í Bolungarvík

PRJÓN - SAUMUR — 7 mín.
Jóhanna Jakobsdóttir (systir Guðfinns) og Matthildur móðir þeirra. Búsettar á Ísafirði.

FÖNDUR — 7 mín.
Guðmunda Þorbergsdóttir, Ísafirði

JURTALITUN — 13 mín.
Ingibjörg Tryggvadóttir, Húsavík

ÚTSKURÐUR ÚR EINANGRUNAREFNI — 5 mín.
Guðmundur Þorsteinsson frá Lundi. Búsettur á Húasvík.

HLJÓÐFÆRASMIÐUR — 7 mín.
Friðgeir Sigurbjörnsson, Akureyri

SKELJAR OG FJÖRUSTEINN — 4 mín.
Margrét Magnúsdóttir, Akureyri

STEINSKURÐUR - SLÍPUN - LAMPASKERMAR — 11 mín
Árný Þorleifsdóttir og Frímann Sigurðss., Sunnuhl., Álft.

VINNA ÚR KOPAR — 6 mín.
Guðbrandur Vigfússon, Reykjavík

HRAUNMYNDIR — 6 mín.
Ingimundur Pétursson, Seltjarnarnesi

SÖÐLASMIÐUR — 13 mín.
Markús Jónsson, Borgareyrum, V. Eyjafjallahr. Rang.

BÁTALÍKÖN — 12 mín.
Vilhjálmur Hinrik Ívarsson, Merkinesi, Hafnahr., Gull.

SKÚTULÍKÖN — 14 mín.
Halldór Sigurbjörnsson, Reykjavík

VINNUR BAND OG PRJÓNAR — 9 mín.
Jóhanna Jóhannsdóttir, Svínavatni, A. Hún.

BÓKBAND OG SKRAUTSKRIFT — 9 mín.
Guðbrandur Magnússon, Siglufirði

RENNIR TRÉ — 4 mín.
Guðmundur Kristjánsson, Siglufirði

TÁLGAR FUGLA ÚR TRÉ — 7 mín.
Þorsteinn Díómedesson, Hvammstanga

Myndataka: Friðrik G. Friðriksson. Aðstoð: Anna Lára Friðriksdóttir. Vinna og tæki lögð fram án endurgjalds. HLJÓMBÆR lánaði sýningartækin.

DAGSKRÁ SÍÐUSTU SÝNINGARVIKUNA

| | | |
|---|---|---|
| Laugardagur 31. júlí | 14.30-17.30 18.15-21.15 | Myndbandasýning |
| Sunnudagur 1. ágúst | 14.30-17.30 18.15-21.15 | " |
| Mánudagur 2. ágúst | 14.30-17.30 18.15-21.15 | " |
| Þriðjudagur 3. ágúst | 14.30-17.30 18.15-21.15 | " |
| Miðvikudagur 4. ágúst | 14.30-17.30 18.15-21.15 | " |
| Fimmtudagur 5. ágúst | 16.30-19.30 | " |
| | 20.15 | MÁLÞING EGGERT ÁSGEIRSSON: ERUM VIÐ Á RÉTTRI LEIÐ? |
| Föstudagur 6. ágúst | 14.30-17.30 18.15-21.15 | Myndbandasýning |
| Laugardagur 7. ágúst | 14.30-17.30 18.15-21.15 | " |
| Sunnudagur 8. ágúst | 16.30-19.30 | " |
| | 20.30 | MÁLÞING - Rætt verður um viðhorfin að loknum alþjóðafundinum í Vín um öldrunarmál. Fulltrúar Íslands á fundinum munu lýsa skoðunum sínum. - Hvað höfum við lært af sýningunni? Háborðsumræður. Umræðustjóri: Eggert Ásgeirsson |
| | 22.00 | - Sýningunni slitið. |

Bestu þakkir færðar: Starfsfólki Kjarvalsstaða, listamönnum, handmenntafólki, fyrirlesurum og þátttakendum í umræðum, þeim sem lánuðu muni og veittu aðra aðstoð.

Sýningarnefnd: Eggert Ásgeirsson form., Áslaug Sverrisdóttir, Finnur Fróðason. Friðrik G. Friðriksson og Sverrir Kristinsson
Ráð og hjálp veitti sýningarnefnd: Hrafnhildur Schram listfræðingur.

# OFT HEFUR ELLIN ÆSKUNNAR NOT
# OFT HEFUR ÆSKAN ELLINNAR NOT

S Ý N I N G A R S K R Á

Íslensk alþýðulist
Höggmyndir
Handmenntir

K J A R V A L S S T A Ð I R

17. J Ú L Í  T I L  8. Á G Ú S T  1 9 8 2

FRAMKVÆMDANEFND SÝNINGARINNAR

Eggert Ásgeirsson form.
Áslaug Sverrisdóttir
Finnur Fróðason
Friðrik G. Friðriksson
Sverrir Kristinsson

SKIPULAG SÝNINGARINNAR

Finnur Fróðason

RÁÐGJAFI FRAMKVÆMDANEFNDAR

Hrafnhildur Schram listfræðingur

AÐSTOÐ VIÐ SÝNINGARSKRÁ

Gyða Jónsdóttir

JÓN HRÓBJARTSSON f.1877 d. 1946

1. Frá Garðsstöðum
   1925
   olía
   64x103 sm
   einkaeign

2. Suðureyri við Súgandafjörð
   1927
   olía
   52x80 sm
   einkaeign

3. Ísafjörður
   1941
   olía
   49x76 sm
   einkaeign

4. Grótta
   1944
   olía
   58,5x140 sm
   einkaeign

5. Snæfellsjökull
   olía
   22,5x53,5 sm
   einkaeign

6. Frá Ísafjarðardjúpi
   olía
   18x25 sm
   einkaeign

ÁMUNDI JÓNSSON smiður f.1738 d.1805

7. Altaristafla
   1792
   eig. Þjóðminjasafn Íslands

SÖLVI HELGASON f.1820 d.1895

8- Blómaskraut og
13. mannamyndir
vatnslitateikningar
eig. Landsbókasafn Íslands

14. Blómaskraut
vatnslitateikning
24x35 sm
einkaeign

15. Heiðurskonan á Reykjum (fangamark)
1861
vatnslitir og blek
17x22 sm
einkaeign

16. Fangamark
vatnslitateikning
9,5x16,5 sm
Einkaeign

17- Blómaskraut og
19. sjálfsmynd
vatnslitateikningar
eig. Þjóðminjasafn Íslands

HJÁLMAR JÓNSSON frá Bólu (Bólu-Hjálmar) f.1797 d.1875

20. Smástokkur með trénöglum
1813
beyki
L 10sm B 5,5sm H 6sm
trúlega elsti gripur sem þekktur er eftir Bólu-Hjálmar
einkaeign

21. Rúmfjöl
fura
21,5x126 sm
einkaeign

22. Veggskápur (Blönduhlíðarskápur)
fura
H 71,5sm B 54sm L 61,5sm
eig. Þjóðminjasafn Íslands
eitt vandaðasta verk sem nú er til eftir Bólu-Hjálmar

HALLDÓR JÓNSSON frá Akureyri f.1900 d.1977

23. Blóm
olía
67x52 sm
einkaeign

24. Dalvík
olía
68,5x50,5 sm
einkaeign

25. Frá Snæfellsnesi
olía
68x47 sm
einkaeign

26. Búkolla
olía
51x68,5 sm
einkaeign

27. Ólafur liljurós
olía
48x67 sm
einkaeign

28. Draumur hjarðsveinsins
olía
72x172,5 sm
einkaeign

KRISTINN ÁSTGEIRSSON f.1894 d.1981

29. Á miðunum
1966
gouache
28x40 sm
einkaeign

30. Elliði
gouache
28,5x40 sm
einkaeign

31. Sumarbáturinn Bravó
gouache
21,5x28,5 sm
einkaeign

32. Vélbáturinn
gouache
26x36 sm
einkaeign

33. Vetrarvertíðarskipið Elliði
gouache
48,5x73,5 sm
einkaeign

JÓN STEFÁNSSON frá Möðrudal f.1880 d.1971

34. Skissa að altaristöflunni í Möðrudalskirkju
þekjulitir
29x24 sm
einkaeign

GÍSLI JÓNSSON frá Búrfellskoti f.1878 d.1944

35. Suðureyri við Súgandafjörð
olía
67x85 sm
einkaeign

SAMÚEL JÓNSSON frá Selárdal f.1884 d.1969

36. Kirkjufell í Grundarfirði
1957
olía
43,5x60 sm
einkaeign

37. Mjólká í Arnarfirði
1964
olía
40,5x58,5 sm
einkaeign

38. Grund í Eyjafirði
1957
olía
37,5x62,5 sm
einkaeign

39. Altaristafla
1956
olía
124x126,5 sm
eig. Listasafn Alþýðu

40. Kaldá í Önundarfirði
1963
olía
35x54 sm
einkaeign

41. Kötlugos
olía
35x54 sm
einkaeign

42. Frá Selárdal
olía
47,5x53,5 sm
einkaeign

ÓLÖF GRÍMEA ÞORLÁKSDÓTTIR (Gríma) f.1895

43. Sterkir stofnar
olía
85x117 sm
einkaeign

44. Ferjumaðurinn
olía
81x80 sm
einkaeign

45. Brostin klakabönd
olía
70,5x90 sm
einkaeign

46. Fífa
olía
70x101 sm
einkaeign

47. Sumar
olía
70x101 sm
einkaeign

48. Hraun
olía
70x101 sm
einkaeign

49. Kínverskt ljóð
olía
75x104 sm
einkaeign

50. Sinfonía
olía
70x100 sm
einkaeign

51. Blómstóð
olía
64,5x101 sm
einkaeign

52. Hugsjónatréð
olía
84,5x101 sm
einkaeign

53. Dvergasteinn
olía
64,5x85 sm
einkaeign

54. Ævintýri
olía
65x70 sm
einkaeign

55. Að laufferjum
olía
70x101 sm
einkaeign

ÓÞEKKTUR HÖFUNDUR

56. Guðspjallamenn frá Staðarhóli,
5 fjalir úr predikunarstól
Anno 1738
112x30 sm
eig. Þjóðminjasafn Íslands

STEFÁN V JÓNSSON frá Möðrudal f.1908

57. Vorleikur
1950
olía
36x52 sm
einkaeign

58. Krókstaðablesi
1978
olía
70x94,5 sm
einkaeign

59. Hestar í Svarfaðadal
1966
olía
100x206 sm
einkaeign

60. Fornminjar Möðruvalla-Möngu færðar til
1930
olía
78,5x108,5
einkaeign

61. Arnarvatn í Vopnafirði
olía
81x80
einkaeign

62. Skrúður Fáðskrúðsfirði
1971
olía
112x112 sm
einkaeign

SÆMUNDUR VALDIMARSSON f. 1918

63. Ýsukarl
tré og ýsuroð

64. Frjósemi
tré
Verkin eru í einkaeign

ÍSLEIFUR KONRÁÐSSON f. 1889 d.1972

65. Skrímslið úr hafinu: Hvítserkur á Húnaflóa
1971
olía
59,5x89 sm
einkaeign

66. Frá Mývatni
olía
35,5x75 sm
einkaeign

67. Rif á Snæfellsnesi á dögum Björns ríka
1964
olía
44x54 sm
einkaeign

68. Kaldrananes í Bjarnarfirði
olía
43,5x63 sm
einkaeign

69. Grímsey á Steingrímsfirði
olía
56x99 sm
eig. Listasafn Alþýðu

70. Einbúinn við Tungnaá
olía
43x57 sm
einkaeign

71. Dyrhólaey
olía
44x59 sm
einkaeign

72. Hornbjarg
olía
48x78,5 sm
einkaeign

73. Hlunnindajörðin Kaldrananes í Bjarnarfirði á Ströndum
fermingarstaður listamannsins
olía
50x90 sm
einkaeign

74. Sjöundaá á Barðaströnd
olía
45x65 sm
einkaeign

75. Drangaskörð
olía
73x63 sm
einkaeign

76. Hofgarðar, óðal landnámsmannsins
1962
olía
50x80 sm
einkaeign

77. Svanir
olía
30x65 sm

78. Rekavík á Ströndum
olía
50x96 sm
einkaeign

79. Herðubreið drottning öræfanna
1961
olía
85x85 sm
einkaeign
Í tilefni af ári aldraðra, verður gerið út frímerki
með mynd af málverkinu

80. Hvítserkur
    olía
    50x70 sm
    einkaeign

ÓSKAR MAGNÚSSON f.1915
Myndvefnaður

81. Í árdaga
    93,5x108 sm
    einkaeign

82. Vín og vinátta
    57,5x50 sm

83. Íslenskt engjafólk
    42x57 sm

84. Vorstemmning
    34x40 sm

85. Jóhann Sigurjónsson skáld
    25x25 sm
    einkaeign

86. Kvöld á teignum
    57x37 sm

87. Vorgöngur á Hellisheiði
    39x51 sm

88. Einherji
    51x22 sm

89. Í húmi himingeimsins
    58x51 sm
    einkaeign

90. Ringulreið
    53x53 sm

91. Engjastúlkan
58x34 sm
einkaeign

92. Stalin
68x49 sm
einkaeign

BLÓMEY STEFÁNSDÓTTIR f.1914
Íslenskt glit

93. Íslenskt glit
157x244 sm
einkaeign

94. Hnútur
74x78 sm

EGGERT MAGNÚSSON f.1915

95. Ömmur mínar í Miðdal
1982
olía
49x77 sm

96. Sjálfsmynd
1982
olía
49x67 sm

97. Á tígrísdýraveiðum í Síberíu
1974
olía
40x54 sm
einkaeign

98. Haustgeldingur
1980
olía
33x46,5 sm
einkaeign

99. Rostungar
1982
olía
81,5x68,5 sm

100. Bessastaðir
1982
olía
66x209 sm
einkaeign

GUNNÞÓRUNN SVEINSDÓTTIR f.1885 d.1970

101. Vatnslitir, litkrít og olía 5 verk

SIGURJÓN ÓLAFSSON f.1908

102. Sjómaður
1952
brons

103. Kýrhaus
1952
granit

104. Á fallanda fæti
tré

105. Óstöðugleiki
tré

106. Bak við tunglið
öll verkin í einkaeign

ÁSMUNDUR SVEINSSON f.1893

107. Pýramídísk abstraktion
1952
járn og kopar

108. Bænin
1965
járn og kopar

109. Trúarbrögðin
1956
járn og tré

110. Í minningu óþekkta höfundarins
1959
járn, kopar og plast

111. Davíð og Golíat
1952
eik

112. Ljóðið við rokkinn
1962
járn og kopar

113. Bókvitið verður ekki í askana látið
1961
járn og kopar

114. Fuglinn Fönix
1960
kopar

115. Fæðing
1949
eik

116. Eldmessan
1965
járn og kopar

117. Síðasti farfuglinn
1959
járn og kopar

118. Maðurinn og efnið
1951
brons

119. Andlit sólar
1960
kopar

120. Jarðeldur
1960
járn og kopar

121. Þú gafst mér að drekka
1959
járn

Öll verkin eru í eigu Höggmyndasafns Ásmundar Sveinssonar

# Handmenntasýning

No. 1. VILHJÁLMUR HINRIK IVARSSON, Merkinesi, Hafnarhr., Gullbringus.
Teinæringur
Áttæringur í smíðum

No. 2. JÓHANNA JÓHANNESDÓTTIR, Svínavatni, Svínavatnshr., A-Húnavatnss.
Prjónuð langsjöl úr handunnu þelbandi.
Prjónaðar hyrnur úr handunnu þelbandi.

No. 3. MARKÚS JÓNSSON, Borgareyrum, V-Eyjafjallahreppi, Rang.
Söðlasmíði

No. 4. ÞORSTEINN DIOMEDESSON, Norðurbraut 17,Hvammstanga
Útskornir og málaðir fuglar úr tré

No. 5. GUÐBRANDUR MAGNÚSSON, Hlíðarvegi 3, Siglufirði
Skrautskrift og bókband

No. 6. SIGURÐUR GUÐJÓN FILIPPUSSON,Hólabrekku II, Mýrahreppi, A-Skaftafellss
Verkfæri og beisli
EYMUNDUR BJÖRNSSON, Dilksnesi, Nesjahreppi, A-Skaftafellss.
Heflar

No. 7. ARNÝ ÞORLEIFSDÓTTIR og FRÍMANN SIGURÐSSON, Sunnuhlíð, Bessastaðahr.
Skornir og slípaðir steinar : Jaspisar og Kalsidonar

No. 8. INGIBJÖRG TRYGGVADÓTTIR, Garðsbraut 30, Húsavík
Jurtalitað band:
1. Kaktuslús
2. Birkibörkur
3. Sortulyng
4. Brúnspónn
5. Gulvíðilauf
6. Litunarmosi
7.Puntfax
8. Indigó
9. Laukhýði
10. Kraprót
11. Birkilauf

Litunarjurtir:

1. Víðilauf
2. Gulmaðra
3. Birkilauf
4. Litunarjafni
5. Birkibörkur
6. Litunarmosi
7. Víðilauf
8. Sortulyng

Málmsölt til litunar:
1-6 (Glösin eru merkt)

No. 9. EYMUNDUR BJÖRNSSON, Dilksnesi Nesjahreppi, A-Skaftafellss.
Reisla með gabbrólóði
Pressujárn, leikfang
Krullujárn og lokkatré
Kleinujárn
Lýsislampi

No. 10. Eymundur Björnsson, Dilksnesi Nesjahreppi, A-Skaftafellss.
Halasnælda
Strokkur
Klifberi
Orf með ljá
Hrífa
Vallarklára
Skjóla
Torfljár

No. 11. Eymundur Björnsson Dilksnesi Nesjahreppi, A-Skaftafellss.
Halasnældur með snúð úr tálgusteini
Selur úr tálgusteini
Tálgusteinn

No. 12. SIGURÐUR FILIPPUSSON, Hólabrekku II, Mýrarhreppi A-Skaftafellss.
Heimasmíðað hjól